



Alþingi
Erindi nr. P 135/2658
komudagur 13.5.2008

ÍSLENSK MÁLNEFND

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2008

Efni: umsögn um þskj. 836 – 535. mál. Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.

Íslensk málnefnd hefur fengið til umfjöllunar þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Nefndin fagnar því að lögð hafi verið fram áætlun sem stefnir að því að erlent fólk, sem flyst til landsins, fái góðar og markvissar móttökur.

Það er fyrst og fremst 10. kafli frumvarpsins sem Íslensk málnefnd hefur forsendur til að tjá sig um. Íslenska sem annað mál, bæði barna og fullorðinna, verður einn þáttur í drögum að íslenskri málstefnu sem nefndin vinnur að um þessar mundir og lokið verður við fyrir áramót. Áhersla verður þar einmitt lögð á íslensku sem annað mál í leik-, grunn- og framhaldsskólum en einnig á íslenskukennslu fullorðinna.

Nefndin lýsir ánægju sinni yfir því að efla eigi rafræna útgáfu orðabóka fyrir ýmis tungumál (10.3). Mikil vinna var lögð í LEXIN-orðabókaverkefnið fyrir nokkrum árum á Orðabók Háskólans og mikilvægt er að sú vinna nýtist sem best og að framhald verði á.

Þá leggur Íslensk málnefnd áherslu á mikilvægi þess að mennta fleiri kennara í að kenna íslensku sem annað mál (10.13) og að litið verði á slíkt nám sem viðbót við íslenskunám. Sá misskilningur er útbreiddur að nánast hver sem er geti tekið að sér kennslu í íslensku fyrir erlent fólk.

Virðingarfyllst,
f. h. Íslenskrar málnefndar

Guðrún Kvaran
formaður